

106. fundur

22. febrúar 2017

0912049SA BÓH

Málalykill: 502

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

Fundur haldin miðvikudaginn 22. febrúar 2017 í Borgartúni 30, Reykjavík og hófst hann kl. 15:30.

Mættur fyrir hönd Félags leikskólakennara Haraldur F. Gíslason, Fjóla Þorvaldsdóttir. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Breyting á grein 10.2.2 um Starfsþróun leikskólakennara.

Aðilar eru sammála um að þar sem öll starfsheiti Aðstoðarleikskólakennara (menntunarkröfur IV) og Háskólamenntaðra starfsmanna með B.ed próf (menntunarkröfur II) taka nú laun samkvæmt launatöflum A í fylgiskjali I verði breyting á grein 10.2.2. um starfsþróun leikskólakennara en greinin var áður takmörkuð við starfsheiti leikskólakennara sem hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla. Greinin mun hljóða svo frá og með útgáfu heildarkjarasamnings í febrúar 2017:

10.2.2. Starfsmaður sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun þess sem tekur laun samkvæmt launatöflum A í fylgiskjali I, sem hér segir:

- eftir 5 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka,
- eftir 10 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka til viðbótar,
- eftir 15 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka til viðbótar.

Ávinnsla starfsaldurs í launuðu námsleyfi er jöfn lengd námsleyfis. Skilyrði fyrir launaflokkahækkunum samkvæmt þessari grein er að starfsmaður sé ráðinn í fast starfshlutfall.

Í leikskóla er metin sambærileg starfsreynsla við skólastofnanir sem starfa samkvæmt lögum og námsskrá sem menntamálaráðuneyti setur. Eingöngu er hér átt við starfsreynslu eftir að viðkomandi lauk háskólaprófi. Við mat á starfsreynslu teljast launaðar veikindafjarvistir sem og lögbundið fæðingarorlof þ.e. 6 mánuðir miðað við gildandi lög.

Þeir starfsmenn sem við gildistöku kjarasamningsins (1. júní 2014) hafa áunnið sér tvo launaflokka vegna 9 ára starfsaldurs halda þeim og fá þá ekki tvo launaflokka vegna 10 ára starfsaldurs.

Heimilt er að meta starfsreynslu þeirra háskólamenntaðra starfsmanna sem útskrifast með M.ed. í leikskólafræðum frá og með 1. júní 2014, vegna þess tíma sem þeir hafa fengið greidd laun samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara. Skilyrði fyrir mati á starfsreynslu þeirra er að viðkomandi hafi starfað á kjarasamningi Félags leikskólakennara.

2. Útgáfa heildarkjarasamnings.

Heildarútgáfa kjarasamnings er tilbúin til birtingar og verður settur á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga og kennarasambands Íslands.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 15:45